

Lífeyrissjóður	Lánsfjárhæð	Lántökuskilyrði	Lánstími.	Tegund afborgana	Raunvextir
	Hámarkslán sjóðsins eða hafa fjárhæðar takmarkanir verið afnumdar?	Hvaða lántökuskilyrði setur sjóðurinn. Hvaða tími þarf að líða á milli lántöku? Eiga lífeyrisþegar rétt á lánum?	Lánstími.	Veitir lífeyrissjóðurinn lán með a) jöfnum afborgunum, eða b) jafngreiðslulán (annuitet)?	Raunvextir. Eru vextirnir a) fastir, b) breytilegir, hvernig? Hvaða vextir gilda, ef ekki er lánað út á 1. veðrétt?
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	Engar fjárhæðartakmarkanir.	Hver sá sem greiðir eða hefur einhvern tíma greitt í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins eða Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga á rétt á láni. Sama gildir um þá sem átt gætu aðild að A-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, þótt svo þeir hafi aldrei greitt til sjóðsins, t.d. aðilar að stéttarfélögum opinberra starfsmanna.	5 til 40 ár.	Lántaki getur valið milli lána með jöfnum afborgunum og jafngreiðslulána.	Lántakandi getur valið á milli fastra og breytilegra vaxta. LSR gerir ekki kröfu um 1. veðrétt og röð veðréttar hefur ekki áhrif á vaxtastig.
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	Engar fjárhæðartakmarkanir.	6 mánaða greiðslur til sjóðsins. Enginn tími þarf að líða milli lántöku. Lífeyrisþegar eiga rétt á lánum.	40 ár.	Hvort heldur sem er að vali lántaka.	Vextirnir eru fastir, ef lántaki kýs. Breytilegir, ef lántaki kýs -miðast við ávöxtunarkröfu 30 ára íbúðabréfa í Kauphöllinni með 75 punkta álagi Breytilegir vextir gilda, ef ekki er lánað út á 1. veðrétt.
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	Engin hámarksupphæð.	Skilyrði er, að hafa greitt í sjóðinn í 6 mánuði af undanfarandi 12 mánuðum. Ekkert skilyrði um tímalengd frá síðustu lántöku. Lífeyrisþegar eiga rétt á lántöku ef Framsýn var síðasti sjóður sem þeir greiddu til fyrir lífeyristöku.	5 til 30 ár.	Lán eru veitt með jöfnum afborgunum.	Vextir eru breytilegir. Sjóðstjórn tekur ákvörðun um breytingar. Aðeins ein tegund vaxta, óháð númeri veðréttar.
Lífeyrissjóður sjómanna	Hámarkslán ræðst eingöngu af veðhæfni tryggingar.	Sjóðfélagi þarf að hafa greitt til sjóðsins eða samstarfssjóða 800 daga, þar af 6 mánuði af síðstu 12 mánuðum til sjóðsins. Þeir sem hafa greitt 4000 daga eða meira eiga sjálfstæðan rétt til láns. Ekki skilyrði um að ákveðinn tími líði milli lánveitinga. Lífeyrisþegar geta átt rétt á láni.C6+C6+C7	5 til 30 ár.	Einungis lán með jöfnum afborgunum.	Vextir eru breytilegir samkvæmt ákvörðun stjórnar, nú 4,3%. Sömu vextir af öllum lánum, óháð veðrétti.

Lífeyrissjóður	Veðsetningarmörk	Lántökugjald	Uppgreiðslugjald	Innágreiðslugjald	Breyting vaxta
	Veðsetningarmörk	Lántökugjald	Tekur lífeyrissjóðurinn uppgreiðslugjald, ef lán er greitt upp. Ef svarið er já. Hvað er það hátt?	Tekur sjóðurinn gjald, ef greitt er inn á lánið? Ef svarið er já, hversu hátt?	Breytast vextir og þá hvernig ef, a) lántaki hættir að greiða til sjóðsins, b) nýr skuldari yfirtekur lánið?
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	Lán er veitt gegn veði í íbúðarhúsnæði. Nýja lánið ásamt lánum sem frammar standa í veðröð mega að hámarki vera 65% af fasteignamati eignarinnar. Í stað 65% af fasteignamati má þó miða við 65% af sölumati löggilds fasteignasala. Lántakandi greiðir kostnað við slíkt sérmat ef til kemur. Hvort sem miðað er við 65% af fasteignamati eða 65% af sölumati löggilds fasteignasala, má sú upphæð þó aldrei fara yfir 85% af brunabótamati.	1%.	Nei.	Nei.	Nei.
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	65%.	1%.	Nei.	Nei.	Nei.
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	65% af fasteignamati. Má nota 65% af verðmati en þó aldrei yfir 85% af brunabótamati. Ekki er lánað út á eignir sem eru með lægra fasteignamat en 3. milljónir. Heimilt er að þrengja veðreglur ef markaðsverð eigna gefur tilefni til þess.	1%.	Nei.	Nei.	a) nei b) nei.
Lífeyrissjóður sjómanna	65% af fasteignamati eða markaðsvirði.	1%.	Nei.	Ekkert gjald tekið vegna aukagreiðslna.	Vextir breytast ekki þótt skuldari greiði ekki til sjóðsins.

Lífeyrissjóður	Viðbótarlífeyrissparnað?	Yfirlýsing vegna lánsveðs.	Greiðslumat
	<i>Er sett sem skilyrði að til þess að fá lægstu vexti, þurfi sjóðfélaginn að vera með viðbótarlífeyrissparnað hjá sjóðnum? Ef hann hættir með viðbótarlífeyrissparnaðinn, hækka þá vextirnir og þá hve mikið?</i>	<i>Yfirlýsing vegna lánsveðs. Bendir lífeyrissjóðurinn þeim aðila sem veitir lánsveð á, að sinni lántakinn ekki greiðsluáskorun er samkvæmt heimild í skuldabréfinu og lögum þar að lútandi að biðja um uppboð á hinni veðsettu eign?</i>	<i>Fer lífeyrissjóðurinn fram á einhvers konar greiðslumat lántakans?</i>
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	Nei.	Já.	Já. Óskað er eftir greiðslumati ef lánsfjárhæð fer yfir kr. 5.000.000. Miðað er við samtölu allra lána viðkomandi lántakanda hjá sjóðnum. Að sama skapi er óskað eftir greiðslumati fari lánsfjárhæð með lánsveði yfir kr. 1.000.000.
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	Nei.	Já.	Nei.
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	Nei.	Já.	Nei.
Lífeyrissjóður sjómanna	Nei.	Þetta er ekki gert. Yfirlýsing vegna lánsveðs er send eiganda veðsins einungis til frekari öryggis um að hann ætli sér að leyfa veðsetningu í eign sinni.	Nei.

Lífeyrissjóður	Lánsfjárhæð	Lántökuskilyrði	Lánstími.	Tegund afborgana	Raunvextir
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	Ekkert hámark, ef lánsupphæðin er innan veðmarka.	Lán eru veitt til virkra sjóðfélaga, þ.e. þeirra sem greiða reglulega til sjóðsins. Sjóðfélaginn þarf að hafa greitt iðgjöld samfellt til sjóðsins síðustu 6 mánuði. Sjóðfélagi, sem sannanlega hefur stundað nám eða dvalist erlendis hefur lánarétt, enda uppfylli hann skilyrði til lánveitingar að öðru leyti. Lífeyrisþegar geta átt kost á láni frá sjóðnum, enda hafi þeir haft lánsrétt sbr. framangreint þegar taka lífeyris hófst og sanni greiðslugetu sína með greiðslumati frá viðskiptabanka sínum. Sjóðfélagar, sem sjálfir standa skil á iðgjöldum sínum til sjóðsins þurfa að vera skuldlausir við sjóðinn þegar lánsúmsókn berst. Skilyrði til lánveitingar til þeirra, sem þegar eru með lán hjá sjóðnum er að lánið sé í skilum.	5 til 40 ár.	Ef lánað er með breytilegum vöxtum eru lánað með jöfnum afborgunum. Ef lánin eru með föstum vöxtum er hægt að velja á milli lána með jöfnum afborgunum eða jöfnum greiðslum (annuitet).	a) fastir nú 4,3% á 1. veðrétti. b) breytilegir vextir og fylgja vöxtum verðtryggðra lána skv. auglýsingu Seðlabanka Íslands að viðbættu 3,5% p.a. álagi. Sjóðstjórn hefur þó ákveðið að virkir sjóðfélagar greiði tímabundið lægri vexti nú 4,6%.
Lífeyrissjóður Norðurlands	6 m.kr	Það er skilyrði fyrir lánveitingu að viðkomandi hafi greitt til sjóðsins síðast liðna sex mánuði eða sex mánuði af síðustu tólf og sé greiðandi í sjóðinn, þegar sótt er um lán. Lán sjóðsins eru afgreidd og veitt af banka samkvæmt samningi sjóðsins og viðkomandi banka. Sjóðfélagar fá ekki lán oftast en þrisvar og minnst þrjú ár þurfa að líða á milli lánveitinga. Lífeyrisþegar eiga rétt á láni.	Hámark 25 ár.	Bæði.	Vextir eru ákvarðaðir af stjórn hverju sinni. Nú 4,5%.
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	Fjárhæðartakmarkanir hafa verið afnumdar. Veðið ræður hámarksfjárhæð.	Greitt s.l. 12 mánuði til sjóðsins, sé greiðandi þegar lánið er tekið og eigi þrjú stig. Meðan veð er fyrir hendi þá er hægt að taka endurnýjað lán. Lífeyrisþegar eiga rétt á lánum eins og aðrir eigi þeir meira en þrjú stig hjá sjóðnum. Farið fram á greiðslumat í einhverjum slíkum tilvikum einkum ef öryrki er að sækja um lán.	8 til 30 ár.	Með jöfnum afborgunum.	Raunvextir eru breytilegir og breytast mánaðarlega með 0,5 prósentustiga álagi á Íbúðabréf til 30 ára eða HFF34. Sömu vextir gilda óháð veðrétti.

Lífeyrissjóður	Veðsetningarmörk	Lántökugjald	Uppgreiðslugjald	Innágreiðslugjald	Breyting vaxta
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	65% af markaðsvirði, þó ekki umfram 100% af brunabótamati.	1%.	Nei.	Nei	Sjá svar við spurningu nr. 5
Lífeyrissjóður Norðurlands	65% af metnu markaðsvirði sbr. leyfilegt hámark skv. lögum.	2% sem bankinn tekur.	Nei.	Nei.	Nei.
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	Þau eru 65% af fasteignamati eða metnu markaðsvirði. Aldrei er farið yfir 85% af brunabótamati.	1%.	Nei.	Nei, alltaf hægt að greiða inn á án sérstaks gjalds.	Nei.

Lífeyrissjóður	Viðbótarlífeyrissparnað?	Yfirlýsing vegna lánsveðs.	Greiðslumat
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	Vextir verða breytilegir, samkv. ákvörðun stjórnar sjóðsins.	Veðsali skrifar undir yfirlýsingu vegna lánsveðs, þar sem fram kemur heimild til uppboðs, ef til vanefnda kemur.	Já.
Lífeyrissjóður Norðurlands	Nei.	Það er í höndum banka sem veitir lánið.	Það er í höndum banka sem veitir lánið.
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	Nei.	Já.	Almennt ekki, en sjóðurinn áskilur sér rétt til þess.

Lífeyrissjóður	Lánsfjárhæð	Lántökuskilyrði	Lánstími.	Tegund afborgana	Raunvextir
Almennni lífeyrissjóðurinn	Engin takmörkun ef fastir vextir en ef breytilegir vextir þá 12 m.kr	þarf að hafa greitt 150.000 kr. til sjóðsins.	5 til 40 ár.	Bæði.	Vextir 4,2% fastir vextir eða breytilegir vextir. Vextir taka mið af almennum vöxtum verðtryggðra bankalána skv. útreikningi Seðlabanka Íslands að viðbættu vaxtaálagi eða afslætti sem stjórn sjóðsins ákveður og er nú 0%. Breytilegir vextir eru í nóv 2004 4,2%.
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	12 m.kr.	Hafa greitt 150.000 kr. í sjóðinn og hafa greitt vegna sex síðustu mánaðar. Enginn sérstakur tími á milli lántöku. Lífeyrisþegar eiga rétt á láni.	10 til 40 ár.	Jafngreiðslulán.	Vextirnir eru breytilegir, Vextir taka mið af almennum vöxtum verðtryggðra bankalána skv. útreikningi Seðlabanka Íslands að viðbættu vaxtaálagi eða afslætti sem stjórn sjóðsins ákveður og er nú 0%.
Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	Fjárhæðartakmarkanir hafa verið afnumdar.	Lánaréttindi hefur sá sjóðfélagi er greitt hefur iðgjald til sjóðsins eða samstarfssjóða samfellt undanfarin þrjú ár, þar af síðustu sex mánuði til sjóðsins. Enginn tími þarf að líða milli lántöku. Sjóðfélagi er sannanlega hefur stundað iðnám, eða sambærilegt nám á undanförunum þremur árum hefur lánsrétt, enda uppfylli hann skilyrði um lán að öðru leyti. Lífeyrisþegar geta átt kost á láni hjá sjóðnum, sanni þeir greiðslugetu sína með greiðslumati frá viðskiptabanka sínum. Þeir sjóðfélagar er sjálfir standa skil á iðgjaldi sínu til sjóðsins verða að vera í skilum með iðgjöld til sjóðsins við afgreiðslu lánsúmsóknar. Skilyrði lánveitingar til sjóðfélaga sem er fyrir með lán hjá sjóðnum er að lánið sé í skilum.	5 til 40 ár.	Jafngreiðslulán.	Lífeyrissjóðurinn Lífiðn býður nú sjóðfélögum sínum tvenns konar lán: A-Lán með 4,3% föstum vöxtum. Skilyrði er að lánið sé á fyrsta veðrétti og sjóðfélaginn sé með samning við sjóðinn um viðbótarlífeyrissparnað. B-Lán með breytilegum vöxtum, nú 4,6%. Háð ákvörðun stjórnar hverju sinni.

Lífeyrissjóður	Veðsetningarmörk	Lántökugjald	Uppgreiðslugjald	Innágreiðslugjald	Breyting vaxta
Almennir lífeyrissjóðurinn	65% fasteignamat/sölumat. 90% brunabótamat.	0,5%.	Nei.	Nei.	a) nei b) 3% hækkun.
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	65% af markaðsvirði og 90% af brunabótamati fasteignar.	0,75%.	Nei.	Nei.	a) nei b) já ef skuldari er ekki sjóðfélagi. Vextir hækka um 1%.
Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	Sjóðfélagalán eru eingöngu veitt út á veð í íbúðarhúsnæði. Ekki er lánað út á ósamþykktar íbúðir og fyrirvari gerður á að lána út á eignir sem byggðar eru í félagslega íbúðakerfinu. Ekki er lánað út á eignir sem eru með lægra fasteignamat en kr. 3.000.000,- Við lánveitingu skal nýtt lán, að viðbættum uppreiknuðum forgangsveðskuldum ef um slíkt er að ræða, aldrei vera hærra en sem nemur 65% af fasteignamati viðkomandi eignar eða áætluðu markaðsverði, þó má lán ásamt forgangsveðskuldabréfum aldrei fara upp fyrir 100% brunabótamat. Sé fasteignamat ekki talið gefa rétta mynd af verðmæti eignarinnar, áskilur sjóðurinn sér rétt til að fara fram á sjálfstætt mat á eigninni á kostnað lántakanda.	1%. Ef sjóðfélagi er að endurfjármagna með láni frá sjóðnum og greiðir upp eldri lán hjá sjóðnum greiðist ekki lántökugjald sem nemur eftirstöðvum eldri lána.	Nei.	Nei.	Nei, ekki nema á A-lánnum, sjá svar við spurningu nr. 11.

Lífeyrissjóður	Viðbótarlífeyrissparnað?	Yfirlýsing vegna lánsveðs.	Greiðslumat
Almenni lífeyrissjóðurinn	Nei.	Nei, en ef um lánsveð er að ræða þá er alltaf krafist greiðslumats.	Aðeins ef um lánsveð er að ræða.
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	Nei.	Já.	Eingöngu ef um lánsveð er að ræða.
Lífeyrissjóðurinn Lífiðn	Vextir hækka í breytilega vexti samkvæmt ákvörðun stjórnar sjóðsins.	Já.	Nei, aðeins lífeyrisþegum.

Lífeyrissjóður	Lánsfjárhæð	Lántökuskilyrði	Lánstími.	Tegund afborgana	Raunvextir
Lífeyrissjóður bankamanna	15 m.kr.	Greitt til sjóðsins í síðustu 6 mánuði fyrir lántöku. Eftirlaunþegar eiga kost á að sækja umlán.	Hámark 30 ár.	Valkvætt.	Vextir eru 4,3% breytilegir án tillits til veðstöðu.
Samvinnulífeyrissjóðurinn	Engar hámarksupphæðir svo framarlega að veðsetningarhlutfall sé í lagi.	Rétt til lántöku hafa allir sjóðfélagar. Sama rétt hafa þeir sem fá greiddan makalífeyri frá sjóðnum.	5 til 40 ár.	Með 1. veðrétti bæði með jöfnum afborgunum og annuiteti. Ekki með annuitet með breytilegum vöxtum.	Fastir vextir 4,2% á 1. veðrétti. Breytilegir vextir á önnur lán. Miðað er við mánaðarlegar breytingar á Íbúðasjóðslánum + 0,75% álag.
Lífeyrissjóður Austurlands	6.000.000 Þó er heimilt að veita hærri lán með sérstöku samþykki.	Allir sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins hafa heimild til að sækja um lán. Aðeins kröfur um veð og greiðslumat.	5 til 40 ár.	Jöfnum afborgunum.	Vextirnir eru breytilegir samkvæmt ákvörðun sjóðstjórnar. Vextir eru nú 4,3%.
Lífeyrissjóður lækna	Engin	Þarf að vera virkur sjóðfélagi og hafa greitt 200.000 kr. til sjóðsins. Lífeyrisþegar geta sótt um lán.	5 til 40 ár.	Bæði.	4,4% fastir vextir.
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	6 m.kr.	Engin skilyrði um tíma milli lántöku, allir sjóðfélagar eiga rétt á láni hafi þeir greitt til sjóðsins eða annarra lífeyrissjóða í 3 ár og eiga að minnsta kosti þrjú stig í lífeyrissjóði og séu greiðendur hjá sjóðnum við lántöku.	30 ár.	Jafnar afborganir.	Vextir eru breytilegir 4.9% núna á síðari veðrétti, en 4.25% á fyrsta veðrétt, ef sjóðfélagi er með samning um séreignasparnað.
Lífeyrissjóður verkfræðinga	Hámarkslán í nóv. 2004 er kr. 3.987.000, fylgir breytingum á byggingavísitölu.	Sjóðfélagi þarf að hafa greitt í samtals 36 mánuði, vera greiðandi og vera í skilum með iðgjöld. Engin endurlán eru veitt, hafi sjóðfélagi áður fullnýtt lánsheimild. Einungis greiðandi sjóðfélagar fá lán og þ.a.l. ekki ellilífeyrisþegar.	5 til 35 ár.	Jafnar afborganir.	3,5% raunvextir, en stjórn er heimilt að hækka þá í allt að 5% (en hefur ekki beitt þessu ákvæði frá því 3,5% vextir tóku gildi 1986). Enginn greinarmunur er gerður á veðréttum, allir fá sömu vexti.
Lífeyrissjóður Suðurnesja	Ekkert hámarkslán.	Lánið þarf að vera innan við 60% af markaðsvirði. Þrjú ár þurfa að líða milli lántöku. Allir sjóðfélagar eiga rétt á láni.	5 til 30 ár.	Jafnar afborganir.	Fastir vextir 4,9%.

Lífeyrissjóður	Veðsetningarmörk	Lántökugjald	Uppgreiðslugjald	Innágreiðslugjald	Breyting vaxta
Lífeyrissjóður bankamanna	60% af kaupverði/verðmati þó aldrei hærra en 75% af brunabótamati. Liggi ekki fyrir kaupsamningur og fari veðhlutfall yfir 75% af brunabótamati lætur sjóðurinn framkvæma verðmat.	0,5%.	Nei.	Ekkert innágreiðslugjald.	a) engar vaxtabreytingar. b) hefur ekki reynt á lengi, en myndi væntanlega þýða hækkun.
Samvinnulífeyrissjóðurinn	65% af markaðsvirði húsnæðis.	1%.		Nei.	a) nei b) já, ef sá sem yfirtekur lánið er ekki sjóðfélagi, bætist við 0,5%.
Lífeyrissjóður Austurlands	60% af markaðsvirði eigna.	1,5%.	Nei.	Nei.	Nei.
Lífeyrissjóður lækna	65% af fasteignamati/sölumati. 85% af brunabótamati.	12.000 kr.	Nei.	Nei.	a) Nei b) óbreyttir en aðeins sjóðfélagar geta verið skuldarar
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	Allt að 65% af fasteignamati, söluverði, eða áætluðu markaðsverði fasteignar. Miðað skal við það sem lægst er af þessu þrennu. Húseignir byggðar fyrir 1970 eru skoðaðar af fagaðilum. Ekki lánað út á fasteignir með lægra fasteignamat en 3.m.kr.	1%.	Nei.	Nei.	Nei.
Lífeyrissjóður verkfræðinga	Sömu hámark veðhlutfalls og tilgreind eru í lögum.	1%.	Nei.	Ekkert endurgreiðslugjald.	Ekkert gjald fyrir innaborgun.
Lífeyrissjóður Suðurnesja	60%.	1%.	Nei.	Nei.	Nei. (heimild er þó til staðar á skuldabréfi en ekki nýtt)

Lífeyrissjóður	Viðbótarlífeyrissparnað?	Yfirlýsing vegna lánsveðs.	Greiðslumat
<i>Lífeyrissjóður bankamanna</i>	Nei.	Já.	Ef um lánsveð er að ræða og einnig í öðrum tilvikum, ef um háa veðsetningu er að ræða.
<i>Samvinnulífeyrissjóðurinn</i>	Nei.	Nei.	Í undantekningartilfellum.
<i>Lífeyrissjóður Austurlands</i>	Nei.	Já.	Já.
<i>Lífeyrissjóður lækna</i>	Nei.	Nei, en ef um lánsveð er að ræða þá er alltaf krafist greiðslumats.	Aðeins ef um lánsveð er að ræða.
<i>Lífeyrissjóður Vestfirðinga</i>	Já hækka í 4,9%.	Nei.	Nei.
<i>Lífeyrissjóður verkfræðinga</i>	Nei.	Já.	Nei.
<i>Lífeyrissjóður Suðurnesja</i>	Nei.	Já.	Nei.

Lífeyrissjóður	Lánsfjárhæð	Lántökuskilyrði	Lánstími.	Tegund afborgana	Raunvextir
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	Lánar ekki beint til sjóðfélaga.				
Lífeyrissjóður bænda	2.000.000	Lágmarksstigaeign er 3 stig og 16 stig þarf til að fá hámarkslán. Tekið er tillit til stiga í öðrum sjóðum. Umsækjandi þarf að hafa greitt samfelt til lífeyrissjóða í tvö ár og þar af síðustu 6 mánuði til sjóðsins. Fjögur ár þurfa að líða milli lántöku.	Allt að 25 ár.	Jafnar afborganir.	Breytilegir vextir, sem eru 1,5% hærri en meðalávöxtun á nýjstu flokkum íbúðabréfa til 20 og 30 ára. Tekið skal meðaltal af meðalávöxtun þessara tveggja flokka. Breytast 15. hvers mánaðar. Vextir verða ekki lægri en 5%. Nú 5,25%.
Eftirlaunasjóður Félags ísl. atvinnuflugmanna	Hámarkslán sjóðsins er mv. 55% af markaðsverði eignar, en að hámarki 10 milljónir kr.	Sjóðurinn veitir lán til sjóðfélaga sem hafa greitt iðgjald í sjóðinn og eru í skilum. Lífeyrisþegar geta fengið lán að uppfylltum viðeigandi skilyrðum. Lán skulu tryggð með veði í fasteign. Veðhæfni miðast við 55% af markaðsvirði eignar. Markaðsvirði eignar er skv. sölu- eða kaupsamningi eða mati fasteignasala sem ákveðinn er af sjóðnum. Enginn ákveðinn tími á milli lántöku.	5 til 40 ár.	Jafnar afborganir.	Frá 1. október 2004. Vextir nýrra lána eru tengd vöxtum á skuldabréfaflokkum Íbúðarlánasjóðs með ákveðnu álagi, þannig að vextir nýrra lána eru 4,4% sem er 65 punkta álag. Vextir eldri sjóðfélagalána bera 4,6% vexti og lán í höndum annarra en sjóðfélaga bera 4,9% vexti. Vextir verða endurskoðaðir eftir 6 mánuði. Fer ekki eftir veðrétti.
Íslenski lífeyrissjóðurinn	Veitir sjóðfélögum ekki lán, en sjóðfélagar sem eru í Launavernd (viðbótarlífeyrissparnaður hjá Íslíf og verndun launa vegna andláts og/eða sjúkdóms) uppfylla hins vegar skilyrði fyrir íbúðarlánnum Landsbanka Íslands á sérstökum kjörum.				
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	Ekkert hámarkslán ef innan veðmarka. Ef lán er meira en 5 m. kr., þá greiðslumat.	Allir starfsmenn sveitarfélaga og stofnana sveitarfélaga hafa lánarétt sem og einstaklingar sem kjörnir eru í ráð og nefndir á vegum sveitarfélaga. Enginn lágmarkstími. Lífeyrisþegar eiga lánarétt sem og sjóðfélagar í séreignasparnaði.	5 til 40 ár.	Bæði.	1. veðréttur ekki skilyrði aðeins að lánið sé innan veðmarka. Boðið er upp á fasta vexti 4,3% og breytilega vexti sem eru 60 punktum hærri en meðalávöxtun í síðustu 3 almanaks mánuði á nýjasta flokki íbúðabréfa til 30 ára.

Lífeyrissjóður	Veðsetningarmörk	Lántökugjald	Uppgreiðslugjald	Innágreiðslugjald	Breyting vaxta
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja					
Lífeyrissjóður bænda	60% af áætl. söliverði jarðeigna, 50% af áætl. söliverði íbúðarhúsnæðis í þéttbýli og 35% af áætl. söliverði sérhæfðs atvinnuhúsnæðis.	1%.	Nei.	Nei.	Nei.
Eftirlaunasjóður Félags ísl. atvinnuflugmanna	Lán skulu tryggð með veði í fasteign. Veðhæfni miðast við 55% af markaðsvirði eignar. Markaðsvirði eignar er skv. sölu- eða kaupsamningi eða mati fasteignasala sem ákveðinn er af EFÍA.	Ekkert.	Nei.	Ekkert gjald ef greitt er inn á lánið.	Frá 1. október 2004. Vextir nýrra sjóðfélagalána eru 4,4%. Hækka í 4,9% ef skuldaraskipti eiga sér stað og aðili er ekki sjóðfélagi.
Íslenski lífeyrissjóðurinn					
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	65% af fasteignamati eða 55% af verðmati.	1%.	Nei.	Nei.	Nei.

Lífeyrissjóður	Viðbótarlífeyrissparnað?	Yfirlýsing vegna lánsveðs.	Greiðslumat
<i>Lífeyrissjóður Vestmannaeyja</i>			
<i>Lífeyrissjóður bænda</i>	Nei.	Nei, en eigandi veðsins fær greiðsluáskorun, sé lánið komið í vanskil.	Heimilt er að óska eftir greiðslumati. Ekki algengt.
<i>Eftirlaunasjóður Félags ísl. atvinnuflugmanna</i>	Nei.	Gerum ráð fyrir að sjóðsfélögum séu það kunnugt. Ekki tilkynnt eða upplýst sérstaklega.	Lántaki má ekki vera á vanskilaskrá, þ.e. verður að vera í skilum. Stjórn sjóðsins getur farið fram á greiðslumat.
<i>Íslenski lífeyrissjóðurinn</i>			
<i>Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga</i>	Nei.	Já.	Almennt ekki nema lán fari yfir 5 m.kr.

Lífeyrissjóður	Lánsfjárhæð	Lántökuskilyrði	Lánstími.	Tegund afborgana	Raunvextir
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands	Hámarkslán sjóðsins er mv, 50% af markaðsvirði eignar, en þó aldrei hærra en 85% af brunabótamati. Hámark lánsfjárhæðar er 3 milljónir kr.	Umsækjendur þurfa að vera sjóðfélagar í sjóðnum eða vera fastráðnir starfsmenn Eimskips. Fasteignaveð þarf að vera til tryggingar láni og getur veðsetning með umbeðnu láni verið allt að 50% af metnu markaðsverði íbúðarhúsnæðis en þó aldrei hærra en 85% af brunabótamati. Enginn ákveðinn tími á milli lántöku. Lífeyrisþegar geta fengið lán að uppfylltum viðeigandi skilyrðum.	5 til 20 ár.	Jafnar afborganir.	Frá 1. október 2004. Vextir nýrra lána eru 4,75%. Nýju lánin bera breytilega vexti sem samsvara 1% álagi ofan á ávöxtunarkröfu 30 ára íbúðabréfa. Fer ekki eftir veðrétti.
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	2.5 m.kr.	Greitt í 3 ár og eiga 5 stig hjá sjóðnum eiga rétt á hálfu láni. Annars 5 ár og 8 stig. Greitt síðustu 12 mánuði.	10 til 25 ár.		4,5% frá 8/11 2004.
Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands	Sjóðurinn veitir ekki lán.				
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogskaupstaðar	Takmarkanir miðast við 65% veðhlutfall.	Tími skiptir ekki máli og allir sjóðfélagar eiga rétt á lánnum.	15 til 25 ár.	Bæði.	Bæði fastir og breytilegir vextir en álag kemur ofan á grunnvexti með tillit til veðsetningarhlutfalls.
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	Hámarkslán sjóðsins er mv. 50% af markaðsvirði eignar. Markaðsvirði eignar er skv. sölu- eða kaupsamningi eða mati fasteignasala.	Sjóðurinn veitir lán eingöngu til sjóðfélaga. Lán skulu tryggð með veði í fasteign. Veðhæfni miðast við 50% af markaðsvirði eignar. Markaðsvirði eignar er skv. sölu- eða kaupsamningi eða mati fasteignasala. Enginn ákveðinn tími á milli lántöku. Lífeyrisþegar geta fengið lán að uppfylltum viðeigandi skilyrðum.	5 til 25 ár.	Jafnar afborganir.	Frá og með 1. október 2004 munu ný og eldri lán bera 4,7% vexti. Lánin eru neyslúvísitölutryggð og bera þau jafnar afborganir.
Eftirlaunasjóður starfsmanna Ólíuverslunar Íslands	Sjóðurinn veitir ekki lán.				
Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar	Sjóðurinn veitir ekki lán.				
Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar	Engar fjárhæðartakmarkanir	Engin lántökuskilyrði. Enginn tími milli lántöku. Lífeyrisþegar eiga rétt á lánnum.	25 ár.	Jafnar afborganir.	Breytilegir vextir samkvæmt ákvörðun stjórnar. 5,5% af öllum veðréttum.

Lífeyrissjóður	Veðsetningarmörk	Lántökugjald	Uppgreiðslugjald	Innágreiðslugjald	Breyting vaxta
Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands	Lán skulu tryggð með veði í fasteign. Veðhæfni miðast við 50% af markaðsvirði íbúðarhúsnæðis, en þó aldrei hærra en 85% af brunabótamati. Markaðsvirði eignar er skv. sölu- eða kaupsamningi eða mati fasteignasala.	1%.	Nei.	Ekkert gjald ef greitt er inn á lánið.	Breytast ekki.
Lífeyrissjóður Bolungarvíkur	60% af söluverði eigna.	2%.	Nei.	Nei.	Nei.
Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands					
Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogskaupstaðar	65%.	2%.	Já, 1% til 2%.	Skv. uppgreiðslugjaldi.	a) Nei b) Mat hverju sinni.
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	Lán skulu tryggð með veði í fasteign. Veðhæfni miðast við 50% af markaðsvirði eignar. Markaðsvirði eignar er skv. sölu- eða kaupsamningi eða mati fasteignasala.	Ekkert.	Nei.	Ekkert gjald ef greitt er inn á lánið.	Breytast ekki.
Eftirlaunasjóður starfsmanna Olíuverzlunar Íslands					
Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar					
Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar	65% af solumati eða brunabótamati miðað við lægri upphæð.	2%.	Nei.	Nei.	a) Nei b) Vextir hækkuðu, en ekki lengur.

Lífeyrissjóður	Viðbótarlífeyrissparnað?	Yfirlýsing vegna lánsveðs.	Greiðslumat
<i>Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands</i>	Nei.	Ekki sérstaklega upplýst um þetta.	Lántaki má ekki vera á vanskilaskrá, þ.e. verður að vera í skilum. Stjórn sjóðsins getur farið fram á greiðslumat.
<i>Lífeyrissjóður Bolungarvíkur</i>	Það fá allir sömu vexti.	Nei.	Já.
<i>Lífeyrissjóður Flugvirkjafélags Íslands</i>			
<i>Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogskaupstaðar</i>	Nei.	Að sjálfsgöðu.	Hver og einn lántaki er skoðaður hverju sinni og metið hæfi til lántöku.
<i>Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands</i>	Nei.	Ekki sérstaklega upplýst um þetta.	Lántaki má ekki vera á vanskilaskrá, þ.e. verður að vera í skilum. Stjórn sjóðsins getur farið fram á greiðslumat.
<i>Eftirlaunasjóður starfsmanna Olíuverzlunar Íslands</i>			
<i>Lífeyrissjóður starfsmanna Áburðarverksmiðjunnar</i>			
<i>Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar</i>	Nei.	Nei.	Nei.

Lífeyrissjóður	Lánsfjárhæð	Lántökuskilyrði	Lánstími.	Tegund afborgana	Raunvextir
Lífeyrissjóður Mjólkursamsölunnar	Hámarkslán sjóðsins er m.v. 50% af markaðsvirði eignar. Markaðsvirði eignar er skv. sölu- eða kaupsamningi eða mati fasteignasala.	Sjóðurinn veitir lán til sjóðfélaga. Lán skulu tryggð með veði í fasteign. Veðhæfni miðast við 50% af markaðsvirði eignar. Markaðsvirði eignar er skv. sölu- eða kaupsamningi eða mati fasteignasala. Enginn ákveðinn tími á milli lántöku. Lífeyrisþegar geta fengið lán að uppfylltum viðeigandi skilyrðum.	5 til 25 ár.	Jafnar afborganir.	Lánin bera 7% fasta vexti (skv. ákvörðun stjórnar). Þau eru neysluvísitölutryggð, bera jafnar afborganir og lánið getur lengst verið til 25 ára.

Lífeyrissjóður	Veðsetningarmörk	Lántökugjald	Uppgreiðslugjald	Innágreiðslugjald	Breyting vaxta
Lífeyrissjóður Mjólkursamsölnnar	Lán skulu tryggð með veði í fasteign. Veðhæfni miðast við 50% af markaðsvirði eignar. Markaðsvirði eignar er skv. sölu- eða kaupsamningi eða mati fasteignasala.	1%.	Nei.	Ekkert gjald ef greitt er inn á lánið.	Breytast ekki.

Lífeyrissjóður	Viðbótarlífeyrissparnað?	Yfirlýsing vegna lánsveðs.	Greiðslumat
<i>Lífeyrissjóður Mjólkursamsölunnar</i>	Nei.	Ekki sérstaklega upplýst um þetta.	Lántaki má ekki vera á vanskilaskrá, þ.e. verður að vera í skilum. Stjórn sjóðsins getur farið fram á greiðslumat.